



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

# Ársskýrsla Háskólabrúar, ÍAK einka- og styrktarþjálfunar, fótaaðgerðafræði og Menntaskólans á Ásbrú fyrir árið 2021



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

## Nemendatölur

Í töflu 1 hér að neðan má sjá heildarfjölda umsókna í Háskólabrú, ÍAK einka- og styrktarþjálfaranám, fótaaðgerðafræði og Menntaskólann á Ásbrú (MÁ) árið 2021. Einnig má sjá í töflunni hversu margar umsóknir voru samþykktar í hverri deild. Almennt eru ekki teknir inn nemendur á vorönn í staðnám Háskólabrúar eða ÍAK einka- og styrktarþjálfun og ekki var boðið upp á námsbyrjun í fótaaðgerðafræði á vorönn árið 2021. Mögulegt er að hefja nám í styrktarþjálfun á vorönn en þá þurfa nemendur að hafa lokið ÍAK einkaþjálfaranámi eða grunnháskólagráðu í skyldum greinum.

**Tafla 1. Umsóknartölur 2021**

Námsleið:	Fjöldi umsókna		Samþykktar umsóknir	
	Vorönn	Haustönn	Vorönn	Haustönn
Háskólabrú staðnám	-	42	-	33
Háskólabrú fjarnám	147	184	101	103
ÍAK einka- og styrktarþjálfun	6	70	3	48
Fótaaðgerðafræði	-	19	-	12
Menntaskólinn á Ásbrú	3	41	3	34

Í töflu 2 má sjá fjöldatölur nemenda og meðalaldur þeirra á vorönn og haustönn eftir deildum.


**Tafla 2. Fjöldatölur og meðalaldur nemenda**

Námsleið:	Fjöldi nema		Meðalaldur	
	Vorönn	Haustönn	Vorönn	Haustönn
Háskólabrú staðnám	26	28	29	28
Háskólabrú fjarnám	297	287	31	31
ÍAK einka- og styrktarþjálfaranám	55	43	30	26
Fótaaðgerðafræði	11	23	36	39
Menntaskólinn á Ásbrú	62	88	17	18




Á myndum 1-3 má sjá kynjahlutföllin fyrir árið 2021 á Háskólabrú (staðnám og fjarnám), í ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi og MÁ. Konur eru í meirihluta á Háskólabrú og ÍAK námi en þær eru rúmlega 60% nemenda. Í MÁ er mikill meirihluti nemenda karlkyns en nemendur í fótaaðgerðafræði eru allir kvenkyns.


**Mynd 1. Kynjahlutfall í Háskólabrú 2021**



**Mynd 2. Kynjahlutfall í Menntaskólanum Ásbrú 2021**



### Mynd 3. Kynjahlutfall í ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi 2021



### Búseta

Nemendur Keilis koma víða að en hér að neðan er að finna töflu sem sýnir búsetu nemenda eftir landshlutum. Flestir nemendur eru búsettir á Höfuðborgarsvæðinu. Þá eru margir nemendur af Reykjanesinu en minna frá öðrum landshlutum.

Tafla 3. Búseta nemenda 2021

Landshlutar:	Vorönn			Haustönn		
	HBR	ÍAK+FÓT	MÁ	HBR	ÍAK+FÓT	MÁ
Austurland	0,6%	3%	0%	3,6%	1,2%	0%
Erlendis	1,5%	0%	0%	0%	3,6%	0%
Höfuðborgarsvæðið	58,5%	64,2%	43,5%	35,7%	53%	37,5%
Norðurland	3,4%	4,5%	4,8%	0%	9,6%	2,3%
Reykjaneskagi	25,4%	8,9%	50%	57,1%	16%	56,8%
Suðurland	7,5%	10,5%	0%	3,6%	10%	1,1%
Vesturland	3,1%	8,9%	1,6%	0%	7%	2,3%

### Útskriftir

Árið 2021 útskrifuðust 176 nemendur frá Háskólabrú, 52 úr ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi og 8 úr fótáæðgerðafræði. Þá útskrifaðist einn nemandi frá Menntaskólanum á Ásbrú í desember en það var jafnframt fyrsti nemandinn sem útskrifaðist þaðan.

## Nám, námsframboð

Keilir býður upp á nám á framhaldsskólastigi, háskólastigi og styttri námskeið. Nám á framhaldsskólastigi er stúdentsbraut í tölvuleikjagerð, fjarnámshlaðborð, Háskólabrú sem er aðfaranám að háskóla, nám í einka- og styrktarþjálfun, flugnám og fótaaðgerðafræði. Stúdentsbrautin og flugnámið er kennt í staðnámi, Háskólabrú er kennd bæði í staðnámi og í fjarnámi með reglulegum staðlotum, ÍAK einka- og styrktarþjálfun og fótaaðgerðafræði er kennd í fjarnámi með staðlotum þar sem farið er í verklega hlutann. Á háskólastigi er kennd námsbraut ævintýraleiðsagnar á vegum Thompson Rivers University. Í námskeiðsformi rekur Keilir námskeiðið Inntökupróf.is, sem er námskeið fyrir nemendur sem stefna á inntökupróf Læknadeildar HÍ. Einnig er Vinnuverndarskóli Íslands á vegum Keilis og þar eru kennd hin ýmsu námskeið tengd vinnuvernd.

Keilir hefur fengið námsbrautina Stúdentsbraut – bóknám samþykkt hjá Mennta- og barnamálaráðuneyti en ekki hefur byrjað að kenna eftir þeirri braut ennþá.

Þær námsbrautir sem kenndar eru núna í Keili og hafa farið í samþykktarferli hjá Menntamálaráðuneytinu eru Stúdentsbraut í tölvuleikjagerð, Einkaþjálfun og Fótaaðgerðafræði.

## Háskólabrú

Nám á Háskólabrú er aðfaranám sem er ætlað nemendum sem hyggja á háskólanám en fullnægja ekki inntökuskilyrði um stúdentspróf. Einnig getur námið hentað þeim sem lokið hafa námi á framhaldsskólastigi en þurfa að bæta við sig þekkingu og færni áður en þeir hefja háskólanám.

Starfsmenn Háskólabrúar árið 2021 voru 19 talsins. Berglind Kristjánsdóttir var forstöðumaður sviðsins, Margrét Hanna verkefnastjóri á Háskólabrú fyrri hluta árs en svo tók Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir við frá maí til ársloka. Þá störfuðu 16 kennarar á Háskólabrú ýmist í föstu starfi eða sem verktakar í stökum fögum.

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru 70 einingar (117 fein.) á framhaldsskólastigi, þar af 6 einingar í íslensku, ensku og stærðfræði. Nemendur sem hafa lokið Menntastöðum uppfylla einnig inntökuskilyrði. Þá þurfa nemendur að hafa náð 23 ára aldri og hafa einhverja reynslu á vinnumarkaði. Boðið er upp á fjórar deildir í aðfaranámi Keilis (Háskólabrú): félagsvísinda- og lagadeild, hugvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild og verk- og raunvísindadeild.

Lengd námsins fer eftir því hvaða deild er valin. Námið tekur tvær annir fyrir þá nemendur sem ætla sér að stunda nám á öllum deildum nema verk- og raunvísindadeild en þar er námið þrjár annir. Námið er frá 73 einingum til 97 eininga eftir því hvaða deild er valin og eru áfangar ýmist á 1., 2. eða 3. þrepi.

Á Háskólabrú er boðið upp á staðnám sem er skipulagt til eins árs. Kennsla fer fram í dagskóla og er kennslufyrirkomulag í formi fyrirlestra, verkefna- og dæmatíma ásamt verklegum tímum í raungreinum. Frá árinu 2017 hefur staðnám verið skipt upp í lotur líkt og fjarnám og hafa nemendur verið ánægðir með fyrirkomulagið.



Þá er einnig boðið upp á fjarnám á fullum hraða og á hálfum hraða sem er hugsað fyrir fólk sem vill stunda vinnu samhliða. Fullt fjarnám tekur eitt ár, tvær til þrjár annir, og er námið lotubundið. Fjarnám með vinnu er einnig lotubundið og tekur að jafnaði tvö ár eða fjórar til sex annir eftir því hvaða deild er valin. Keilir bauð upp á fjarnám með vinnu á Háskólabrú í fyrsta sinn að hausti árið 2017 og hefur aðsóknin verið mjög góð en metaðsókn var árið 2020. Fjarnámið verður sífellt vinsælla og hentar nemendum með búsetu erlendis eða úti á landi sem geta ekki sótt nám í heimabyggð.

## ÍAK einka- og styrktarþjálfun

Heilsuakademían býður upp á tvær námsleiðir tengdar heilsu- og afreksþjálfun, ÍAK einkaþjálfun og ÍAK styrktarþjálfun. Námsleiðirnar hafa sameiginlega grunnáfangi sem kenndir eru á haustönn sérgreinaársins en á vorönn sérhæfa nemendur ÍAK einkaþjálfunar sig í heilsuræktarþjálfun almennings en ÍAK styrktarþjálfunarnemar í afreksþjálfun íþróttafólks.

Námsbraut í ÍAK einkaþjálfun hefur verið í boði frá stofnun deildarinnar og er önnur af tveimur viðurkenndum námsbrautum á framhaldsskólastigi sem kenndar eru við Heilsuakademíuna. Námsbrautin nýtur fjárhagslegs stuðnings menntamálaráðuneytis og Menntasjóður námsmanna veitir nemendum lán fyrir námsgjöldum. Í heildina er námið 180 framhaldsskólæiningar og þar af eru 80 einingar flokkaðar sem sérgreinar einkaþjálfunar sem eru kenndar á tveimur önnum. Námið er vottað af stofnuninni *Europe Active* (EA) sem er EA heldur utan um gæðamál einkaþjálfaramenntunar í Evrópu. Útskrifaðir nemendur ÍAK einkaþjálfaranáms eru skráðir í gagnagrunn EA undir titlinum *European Registered Exercise Professionals* (EREPS) en á vefsvæði EA er hægt að fletta upp þjálfurum sem hafa skírteini frá vottuðum skólum í Evrópu.

Nám í ÍAK styrktarþjálfun þar sem áhersla er lögð á þjálfun íþróttafólks. Gerð er krafa um að nýnemar séu að lágmarki 18 ára og hafi lokið 100 einingum í framhaldsskóla. Þeir sem hafa sótt námið hafa ýmist haft hug á því að taka að sér þjálfun íþróttafólks eða vilja nýta þekkinguna til eigin þjálfunar. Námið er kennt að hluta með námsbraut í einkaþjálfun.

## Fótaaðgerðafræði

**Námsbraut í fótaaðgerðafræði** telur í heildina 199 framhaldsskólæiningar og þar af eru 90 einingar tileinkaðar sérnámi fótaaðgerðafræðinnar sem kenndar eru á þremur önnum. Námsbrautin er viðurkennd af menntamálaráðuneyti og Menntasjóður námsmanna veitir nemendum lán fyrir skólagjöldum. Fótaaðgerðafræði er löggild starfgrein og teljast fótaaðgerðafræðingar til heilbrigðisstétta.

## Menntaskólinn á Ásbrú

Menntaskólinn á Ásbrú er framhaldsskóladeild innan Keilis með einni stúdentsbraut og á annan tug fjarnámsáfanga.

Haustið 2021 hófst þriðja kennsluárið í Menntaskólanum á Ásbrú. Þar er starfrækt stúdentsbraut með áherslu á færni í tölvuleikjagerð. Námsleiðin er skipulögð sem áhugavekjandi, skapandi og eflandi. Námskráin er gerð í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Skipulag og uppbygging brautarinnar var unnin í samstarfi við samstarfsaðila úr atvinnulífinu og í háskólaumhverfinu bæði hérlendis og á alþjóðavísu.

Stúdentsprófið er 200 framhaldsskólæiningar og námslokin eru á hæfniprepi þrjú samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Lögð er rík áhersla á nútímalega kennsluhætti og framúrskarandi vinnuaðstöðu fyrir nemendur og kennara. Fyrir utan nám í hefðbundnum kjarnagreinum vinna nemendur sérstaklega með færni og þekkingu sem býr þá undir framhaldsnám í greinum sem tengjast tölvuleikjagerð á fjölbreyttan hátt. Í MÁ eru engin lokapróf. Námið er verkefnamiðað og kennt er í átta vikna lotum.

Nemendur sem útskrifast af brautinni öðlast hagnýta menntun í tölvuleikjagerð, skapandi greinum og frumkvöðla- og markaðsfræðslu. Námið við MÁ tekur mið af þörfum nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Hver nemandi fær tækifæri til að nýta styrkleika sína, sem er lykilþátturinn í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Stefnt er að því að nemendur sem útskrifast úr tölvuleikjagerð hafi eftirfarandi gildi að leiðarljósi:

### *sjálfstæði – skapandi hugsun – rökvísi – jákvæð samskipti*

Örgjörvinn nemendafélag MÁ var stofnað haustið 2019. Félagið heldur utan um félagsstarf nemenda. Nemendafélagið er í samstarfi við nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja um stærri viðburði.

Aðsókn í nám í Fjarnámshlaðborð MÁ stendur í stað. Árið 2021 voru 408 skráningar en fjöldi einstaklinga sem sóttu fjarnámshlaðborðið voru 274. Fjarnámshlaðborðið er með sérstöðu á markaði. Í fjarnámi stendur umsækjendum til boða að sækja framhaldsskólæiningar í fjölbreyttum áföngum óháð önnum. Náms tímabilið er óháð tilteknum dagsetningum líkt og í hefðbundnu annarskipulagi og geta nemendur byrjað í áfanga innan tveggja virkra daga frá skráningu í áfangann.

Starfsemin í MÁ er eina sinnar tegundar á Íslandi með tilliti til sérhæfingar, samstarfs við atvinnulífið og vinnubrögð í bóklegu stúdentsnámi.

## Kennsla og stjórnun

Á Háskólabrú er forstöðumaður, verkefnastjóri og 16 kennarar ýmist í fullu starfi eða sem verktakar í stökum fögum. Kynjahlutfallið er fimm karlkyns og ellefu kvenkyns. Engin í starfsmannahóp Háskólabrúar skilgreindi sig með annað kyn.

Í MÁ er forstöðumaður í fullu starfi, áfangastjóri í hálfu starfi og tólf kennarar. Þrír kennarar í fullu starfi, þrír verktakar og sex í hlutastarfi. Tveir námsráðgjafar sem starfa innan Keilis þjónusta nemendur MÁ.

Á Fjarnámshlaðborði eru fjórtán kennarar og allir í verktöku. Kynjahlutfall starfsmanna eru jöfn.

Við ÍAK einka- og styrktarþjálfarnám eru níu kennarar í hlutastarfi. Þar af eru þrír kennarar erlendir. Karlkyns kennarar eru þrír og kvenkyns kennarar sex. Við fótaaðgerðafræðinámið kenna fimm kennarar í hlutastarfi. Tveir kennarar eru karlkyns og þrír kvenkyns. Deildinni er stýrt af forstöðumanni og undir honum er einn verkefnastjóri.

## Kennsluhættir

Í Keili er notast við vendinám (e. flipped classroom). Með því er átt við að hefðbundinni kennslu er snúið við. Fyrirlestrar og kynningar kennara er vistað á netinu og þannig geta nemendur horft eða hlustað eins oft og þeim sýnist. Þá geta nemendur sent spurningar um efnið til kennara (eða annarra nemenda í hópnum) og fengið svör á netinu sem allir sjá. Þá eru nemendur hvattir til að nota netið til að finna heppilegt kennsluefni. Kennslustundir verða fyrir vikið öðruvísi. Þar vinna nemendur verkefni, oftast saman í hóp, og kennarar aðstoða eftir þörfum. Þar sem þetta form hefur verið reynt virðist lærdómurinn verða lifandi ferli sem virkjar nemendur enn betur.

## Námsmat

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytilegt námsmat í öllum deildum Keilis. Það er kennari í samráði við deildastjóra sem tekur ákvörðun um með hvaða hætti þekking nemenda er metin. Fyrirkomulag námsmats skal þó liggja fyrir í upphafi annar í kennslulýsingu.

## Gæðamál

### Gæðaráð

Gæðaráð Keilis heyrir undir framkvæmdastjórn Keilis og sinnir gæðamálum. Gæðaráð setur fram markmið um innri úttektir og sér til þess að þær séu framkvæmdar og niðurstöðum sé skilað til gæðaráðs, sem heldur til haga öllu sem við kemur gæðamálum hjá Keili. Um miðja hverja önn metur gæðaráð hvort markmiðum sé fylgt eftir og frávikum sé lokað.

*Megin verkefni gæðaráðs Keilis:*

- Hefur umsjón með framkvæmd á innri úttektum og úrvinnslu á niðurstöðum
- Setur gæðamarkmið Keilis í samráði við framkvæmdastjórn





- Innra eftirlit með daglegum rekstri Keilis
- Yfirfara stefnur Keilis, gera breytingatillögur ef þarf og leggja til nýjar stefnur eftir þörfum
- Uppfærsla á gæðahandbók
- Leggja fram tillögur til úrbóta við framkvæmdastjórn. Tryggja gæði náms. Litið er á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans.

## **Gæðastefna**

Gæðastefna Keilis er sett undir forystu framkvæmdastjóra Keilis. Hann ber ábyrgð á því að gæðastefnan sé í samræmi við markmið og starf Keilis. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að gæðastefnunni sé viðhaldið. Gæðastefna Keilis er birt á heimasíðu Keilis og er einnig aðgengileg á gæðavef Keilis.

Sérstakt gæðaráð skal leitast við að starfsemin taki sem mest mið af markmiðum Keilis. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, ytri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni. Unnið er á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008 með síðari breytingum sem og samningi Keilis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Gæðaráð er skipað einum aðila úr hverri deild ef þess er kostur og er valið af framkvæmdastjóra. Einnig er fulltrúi foreldra, kennara og nemenda kallaðir á gæðaráðsfundi þegar við á.

*Samkvæmt gæðastefnu Keilis skal stöðugt leitast við að:*

- Halda uppi skýru og reglulegu innra eftirliti með úttektum sem hluti af gæðakerfi Keilis. Leita jafnframt eftir ytra eftirliti sem þjóna megi markmiðum gæðastefnu þegar þess telst þörf
- Safna sem gleggstum upplýsingum um árangur af skólastarfi, þ.m.t. árangur í námsmati, umsögnum um kennara og starfsfólk, árangur nemenda að námi loknu, líðan nemenda og starfsfólks í skólanum og annað það sem kann að þjóna gæðamarkmiðum
- Endurskoða reglulega gæðamarkmið
- Taka út reglulega styrkleika og veikleika í starfinu
- Sjá til þess að öllum markmiðum, s.s. um fjölskyldustefnu, samfélagsábyrgð, umhverfisstefnu og fjárhagslega ábyrgð sé fylgt
- Tryggja að starf Keilis sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga er snerta starfið á einhvern hátt og sjá til þess að réttindi allra séu virt

## **Innri úttektir**

Árlega framkvæmir skólinn innri úttektir með það að markmiði að sannreyna að unnið sé faglega, í samræmi við verklagsreglur og til að hafa yfirsýn yfir hinar ýmsu tölulegar

upplýsingar svo hægt sé að bregðast við ef neikvæð þróun á sér stað. Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar í ársskýrslum.

Yfirlit um innri úttektir á árinu:

- Kennsla og kennsluhættir (matsfundir, kennslukannanir)
- Tölulegar upplýsingar (skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall eftir að nemendur byrja í námi)
- Starfsmannasamtöl og vinnustaðakönnun starfsfólks
- Könnun um líðan nemenda og þjónustu skólans
- Prófanir í tölvudeild
- Náms- og starfsgengi þeirra sem útskrifaðir eru
- Úttekt á stöðu eigna
- Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda.

Sjálfsmatsskýrslur gæðaráðs síðustu ára er einnig að finna á heimasíðu Keilis.

## **Fjármál og rekstur**

Rekstraryfirlit Keilis síðasta árs og síðustu ára má finna í ársreikningum í ársskýrslum Keilis á heimasíðu Keilis.

## **Samstarf við aðra skóla, aðila á vinnumarkaði og nærsamfélag**

Keilir er í góðu samstarfi við aðra skóla, vinnumarkaðinn og nærsamfélagið. Helstu samstarfsaðilar eru eftirfarandi:

### **Samstarf ÍAK einka – og styrktarþjálfunar við aðra skóla og fyrirtæki.**

- Deildin er í samstarfi við tvær líkamsræktarstöðvar; World Class og Sporthúsið í Reykjanesbæ. Nemendur í einka- og styrktarþjálfaranámi fá aðgang að öllum stöðvum fyrirtækjanna á námstíma (september til lok maí). Tilgangur þess er að nemendur geti sinnt vinnustaðanámi sem er hluti af námsskrá. ÍAK styrktarþjálfarar og kennarar fá einnig aðgang að líkamsræktarsal til verklegrar kennslu.

### **Samstarf Háskólabrúar við aðra skóla og fyrirtæki í atvinnulífinu**

- Háskólabrú hefur verið í nánú samstarfi við Háskóla Íslands með undirritun samstarfssamnings milli skólanna. Fagrað Háskólabrúar er skipað tveimur fulltrúum Háskólabrúar og þremur fulltrúum Háskóla Íslands.



- Gott samstarf er á milli Háskólabrúar og símenntunarstöðva sem eru víðs vegar um landið. Sérstaklega er náið samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), Mími símenntun í Reykjavík, Háskólasamfélag Suðurlands (Selfoss) og Símei (símenntunarstöð Eyjafjarðar). Árið 2009 undirbjó Keilir námsleið í samstarfi við MSS er heitir Menntastoðir og er undirbúningur fyrir nám á Háskólabrú. Fleiri símenntunarstöðvar hafa tekið upp þessa námsleið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sett þessa námsleið inn í kennsluskrá sína. Fjarnemar á Háskólabrú hafa nýtt aðstöðu fræðslumiðstöðva víðs vegar um landið til að taka próf. Nemendur Menntastoða hjá símenntunarstöðvunum koma reglulega á kynningar hjá Háskólabrú sem er skipulagt í samráði við símenntunarstöðvarnar.
- Háskólabrú er í samstarfi við endurhæfingarstöðvar eins og Hringsjá og Virk þar sem skjólstæðingar þeirra hafa komið reglulega til okkar í námskynningar.

### **Samstarf MÁ við aðra skóla og fyrirtæki í atvinnulífinu**

- Áfangar í tölvuleikjagerð og lokaverkefni síðustu annar eru unnin í samstarfi við valin fyrirtæki úr atvinnulífinu auk þess að fulltrúum atvinnulífsins verður boðið sæti í fagraði MÁ á komandi ári. Meðal þeirra aðila sem fundað hefur verið með á árinu 2021 og hafa samþykkt samstarfsverkefni á komandi misserum eru CCP, Parity, Solid Clouds, IGI, Vinnuverndarskólinn auk nokkurra einyrkja í faginu